

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

ProLine síuhreinsir 1 L

Vörunúmer:

LM5169

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun

Hreinsiefni fyrir útblásturssíur í dísilvélum.

Notkun sem ráðið er frá

Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

Stilling ehf**Framleiðandi:**

LIQUI MOLY GmbH

Kletthálsi 5

Jerg-Wieland Strasse 4

110 Reykjavík

D-89081 Ulm-Lehr

Sími:

5208000

Þýskaland

Netfang:

stilling@stilling.is

00-49-731-1420-0

Veffang:

www.stilling.isinfo@liqui-moly.dewww.liqui-moly.de

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H318

Veldur alvarlegum augnskaða

Augnskað.1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörunarorð:

HÆTTA

Hættusetningar

H318

Veldur alvarlegum augnskaða

Varnaðarsetningar

P101

Ef leita þarf lækni skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tiltækar.

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til

P280

Notið augnhlífir/andlitshlífir.

P305+P351+P338

BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. .

P310

Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram

Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

Inniheldur:

Díetanólamín.

Athugið sýrustig vörunnar.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).

(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Díetanólamín			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	3 - <5
Raðnúmer	603-071-00-1	Varnaðarmerki:	Xi, Xn
EINECS, ELINECS	203-868-0	H-setningar	H22, H38, H41, H48/22
CAS	111-42-2	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - H302, Húðert.2 - H315, Augnskað.1 - H318, SEM-EV 3 - H373			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærðbreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opin. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu. Notið ekki lífræn leysiefni eða þynna við hreinsun húðar og fatnaðar.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í allmargar mínútur og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Verndið óskaddað auga. Leitið strax lækni og síðan augnlækni.
Inntaka	Skolið munn með nægu vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.
Einkenni: Ertung í augum. Ertung í húð.
Langtímaáverkun: Affitar húð, þurr og sprungin húð.
Inntaka: Verkir í munni, koki og meltingartruflanir.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniútmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Veljið slökkviefni með tilliti til aðstæðna. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, eitruð niðurbrotsefni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Losað efni getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Hlutleysing framkvæmist aðeins af sérfræðingi. Þynna má losað efni með vatni. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið við herbergishita. Varan má ekki frjósa.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Díetanólamín					
Notkunar svið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	0,13	mg/kg líkamsp/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	0,06	mg/kg líkamsp/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	0,07	mg/kg líkamsp/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	0,25	mg/m ³
	Umhverfi, sjór		PNEC	0,0022	µg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	0,0022	mg/l
	Umhverfi, sjór, set		PNEC	0,0063	mg/kg þurrt
	Umhverfi, ferskvatn, set		PNEC	0,063	mg/kg þurrt
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	0,11	mg/kg þurrt
	Umhverfi, hreinsistöð		PNEC	100	mg/kg þurrt

Nítrílótríetanól					
Notkunar svið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	6,3	mg/kg líkamsp/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	5	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	5	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	13	mg/kg líkamsp/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	3,1	mg/kg líkamsp/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,25	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	1,25	mg/m ³
	Umhverfi, sjór		PNEC	0,032	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	0,32	mg/l
	Umhverfi, vatn, ósamfellt		PNEC	5,12	mg/l
	Umhverfi, sjór, set		PNEC	0,17	mg/kg þurrt
	Umhverfi, ferskvatn, set		PNEC	1,7	mg/kg þurrt
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	0,151	mg/kg þurrt
	Umhverfi, hreinsistöð		PNEC	10	mg/kg þurrt

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr Neopren, bútýl- eða nítrílúmmíi. (EN374, >=0,5 mm, gegnstreymistími >480 mín.).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófaternaðar. (EN20345).

Að jafnaði er ekki þörf á öndunarbúnaði.

Húð - annað

Öndunarfæri

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Vökvi

Lykt: Einkennandi

Litur: Blár, tær

pH: 11,3

Eðlismassi (20°C): 1,005 g/cm³

Leysanleiki í vatni: Leysanlegt

Oxandi eiginleikar: Nei

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Forðist snertingu við sterka oxara, sterkar sýrur og sterka basa.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, eitruð niðurbrotsefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Díetanólamín					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	1600	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD ₅₀	12200	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Ertandi		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Afar ertandi		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Eiturhrif á æxlunarfæri		Neikvætt			OECD 416
Helstu einkenni		Andnauð, niðurgangur, hósti, meltingartruflanir, erting í slímhúðum			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

ProLine dísilsiúhreinsir 1 L					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Annað	Inniheldur ekki AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)				
Díetanólamín					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	1460 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	55 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC ₅₀	75 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		93%	28 d		OECD 301A Brotnar auðveldlega niður
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	<1			Óveruleg uppsöfnun
Eiturhrif á gerla	EC ₅₀	>1000 mg/l	16 klst		
Eiturhrif á gerla	EC1 ₀	>1000 mg/l	30 mín		OECD 209
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Annað	BOD5 = 885 mg/g COD = 1352 mg/g				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

07 06 01 (vatnsblandaðar þvottalausnir og stofnlausnir)

20 01 29 (hreinsiefni sem innihalda hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinnna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).
VOC (EB 2010/75) 0%

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif

Útgáfa/Dags: 3/12.06.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

LIQUI-MOLY GMBH

SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II

5169 PROLINE DIESEL PARTIKELFILTER REINIGER 1 L

Útgáfa:

07.03.2017 Útgáfa 0005

Kemur í stað:

21.08.2015 Útgáfa 0004